



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Forsætisráðuneytið
b.t. Skúla Sveinssonar, formanns vinnuhóps
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Forsætisráðuneytið			
Malsnr.	FOR 14060089	Abm.	SO4
Dh.		Aðrir	SO
Mótt.	09.09.2014	Svartr.	
Aths.		LVM	

5. september 2014

Tilvísun: 2014080015

Efni: Svar Fjármálaeftirlitsins við erindi vinnuhóps forsætisráðherra

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis yðar, dags. 20. ágúst 2014, þar sem skipun og verkefni vinnuhópsins eru rakin og þar sem óskað er eftir:

- Áliti Fjármálaeftirlitsins á því að hve miklu leyti unnið sé eftir tilgreindum viðmiðum OECD hjá stofnuninni og hvort þau séu talin henta sem leiðbeiningar.
- Ábendingum um hvernig megi bæta eftirlitsstarfsemi hjá stofnuninni, þ.m.t. hvort þær reglur sem hún starfar eftir séu við hæfi.

Fjármálaeftirlitið fagnar því að fá tækifæri til að koma að vinnu hópsins og mun leitast við að veita þá aðstoð og upplýsingar sem óskað er eftir. Þá er Fjármálaeftirlitið reiðubúið að funda með vinnuhópnum til að ræða efnið nánar.

Þau alþjóðlegu viðmið sem FME hefur einkum hliðsjón af í starfsemi sinni eru Kjarnareglur Basel nefndarinnar um skilvirkt bankaeftirlit (e. Basel Core Principles on Effective Banking Supervision) sbr. nánar eftirfarandi tengil inn á kjarnareglurnar: <http://www.bis.org/publ/bcbs230.pdf>. Í þessu sambandi er vakin athygli á umfjöllun um Basel-kjarnareglurnar í ársskýrslu FME 2014 á bls. 22 og 23, sbr. eftirfarandi tengil: <http://www.fme.is/media/frettir/Arsskyrsla-Fjarmalaeftirlitsins-2014.pdf>, og jafnframt niðurstöðu úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á fylgni FME við kjarnareglurnar, sem fór fram fyrr á þessu ári, sbr. eftirfarandi tengil inn á frétt FME um málið: <http://www.fme.is/utgefing/efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/2135> og eftirfarandi tengil inná skýrslu AGS: <http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2014/cr14257.pdf>. Þá eru sérstök alþjóðleg viðmið varðandi eftirlit með verðbréfamarkaði (IOSCO), váttryggingafélögum (IAIS) og lífeyrissjóðum (OECD) einnig höfð til hliðsjónar í starfi stofnunarinnar. Í þessu sambandi bendir FME á að í viðmiðum OECD er lögð áhersla á að sérstök sjónarmið kunnri að eiga við á einstökum sviðum og er fjármálamarkaðurinn nefndur sem dæmi um slíkt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Hér á eftir verður gerð gein fyrir því með hvaða hætti hlutverk og starfsemi Fjármálaeftirlitsins (FME) fellur að viðmiðum OECD eins og þeim er lýst í skjölunum tveimur sem fylgdu bréfi hópsins, þ.e. *OECD: The Governance of Regulators, samantekt á helstu niðurstöðum* og *OECD: Regulatory Enforcement and Inspections, alþjóðlegar ráðleggingar um hvernig bæta megi eftirlit*. Þar kemur fram að þrátt fyrir að ekki sé unnið markvisst eftir fyrrnefndum viðmiðum OECD virðist sem talsverður samhljómur sé á milli starfsemi FME og viðmiðanna.

1. Skýrt hlutverk eftirlitsaðila (Role clarity):

FME er falið víðtækt hlutverk í lögum og grundvallast öll starfsemi stofnunarinnar á þeim. Rammalöggjöf um starfsemina er að finna í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 og í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, er kveðið á um fjármögnun stofnunarinnar. Þá gilda auk þess sérlög um ýmsar tegundir eftirlitsskyldra aðila og starfsemi þeirra, svo sem lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, lög um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011. Kveðið er á um hlutverk og verkefni FME í fjölmörgum fleiri lögum, fyrst og fremst vegna skuldbindinga um innleiðingu á regluverki Evrópusambandsins samkvæmt EES samningnum en á undanförunum misserum hefur umfang reglna Evrópusambandsins á sviði fjármálastarfsemi vaxið verulega.

Fjármálaeftirlitinu er samkvæmt lögum nr. 87/1998 ætlað að hafa samstarf við Seðlabanka Íslands og er í gildi sérstakur samstarfssamningur milli aðila. Ennfremur gera lögin ráð fyrir samskiptum og eftir atvikum gerð samstarfssamninga við eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja.

Í fyrrnefndri niðurstöðu úttektar AGS var sérstök áhersla lögð á að skýra þurfi til dæmis hlutverk þeirra eftirlitsaðila sem fara með eftirlit með lausafjánhættu, að breyta þurfi lögum til að veita FME skýrari og víðtækari valdheimildir til að gefa út bindandi reglur í því skyni að það geti uppfært tímanlega og framfylgt varúðarkröfum og einnig að breyta þurfi lögum til að veita FME úrræði sem hægt er að beita á skjótan hátt, tímanlega og með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni áður en fjárhagsstaða banka hefur versnað verulega. Bent skal á að Basel-kjarnareglur nr. 1.1, 1.3 og 3¹ ná m.a. yfir meginefni þessa töluliðar.

¹ 1.1: *The responsibilities and objectives of each of the authorities involved in banking supervision are clearly defined in legislation and publicly disclosed. Where more than one authority is responsible for supervising the banking system, a credible and publicly available framework is in place to avoid regulatory and supervisory gaps.*

1.3: *Laws and regulations provide a framework for the supervisor to set and enforce minimum prudential standards for banks and banking groups. The supervisor has the power to increase the prudential requirements for individual banks and banking groups based on their risk profile and systemic importance.*

3: *Laws, regulations or other arrangements provide a framework for cooperation and collaboration with relevant domestic authorities and foreign supervisors. These arrangements reflect the need to protect confidential information.*



2. Koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og skapa traust (Preventing undue influence and maintaining trust)

Í lögum nr. 87/1998 er lagður grunnur að starfsemi FME. Þar er í II. kafla kveðið á um stjórnábyrgð stofnunarinnar og kemur þar fram í 3. gr. að FME sé ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn. Í 4. gr. er kveðið á um hvernig stjórnin skuli skipuð, en ráðherra skipar stjórnina, þar af einn stjórnarmann af þremur eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Stjórn FME samanstendur af þremur aðalmönnum og þremur varamönnum, en sú venja hefur skapast að allir stjórnarmennirnir sex sitja alla fundi stjórnarinnar. Þessi tilhögun hefur það m.a. í för með sér að tveir fulltrúar frá Seðlabanka Íslands sitja alla fundi stjórnar FME. Samkvæmt áður tilvitnuðum lögum er gert er ráð fyrir að stjórn ráði forstjóra og forstjóri ráði aðra starfsmenn. Í 6. gr. laganna eru reglur um hæfni, hæfi og óhæði stjórnar, forstjóra og starfsmanna FME og þar er einnig kveðið á um að ráðherra skuli setja reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna, þar sem m.a. skuli kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í viðskiptum við eftirlitsskylda aðila eða eiga hlut í þeim. Núgildandi reglur um þetta eru nr. 130/2014, sbr. eftirfarandi tengil: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=e450b1e2-3b1c-4174-9cc0-2f11c33c07d5>. Ekki eru til formlegar reglur um að stjórn og starfsfólk FME geti ekki unnið hjá eftirlitsskyldum aðilum eftir að látið er af störfum hjá stofnuninni. Áður fyrr munu slíkar reglur hafa verið í gildi og fá sumir eldri starfsmenn sérstakt álag á laun sín gegn því að þeim sé óheimilt að starfa fyrir eftirlitsskylda aðila í tiltekinn tíma eftir að þeir láta af stöfum. Það verklag er viðhaft hjá stofnuninni að ef það er metið svo að óviðeigandi sé að starfsmaður fari beint til starfa hjá eftirlitsskyldum aðila, þá eru honum greidd laun á uppsagnarfresti og ætlast til að hann hefji ekki störf fyrr en að loknum frestinum.

Í niðurstöðu úttektar AGS var bent á að í lögum væri ekki að finna ákvæði sem veittu starfsmönnum FME vernd. Þá var einnig bent á nauðsyn þess að þróa frekar þjálfunar- og mannauðsstefnu auk annarra atriða í þeim tilgangi að endurmennta og halda í hæft starfsfólk. Þá telur FME athugandi að endurskoða fjölda aðal- og varamanna í stjórn stofnunarinnar og þátttöku varamanna í stöfum stjórnarinnar. Þær Basel-kjarnareglur sem einkum ná yfir meginefni þessa töluliðar eru nr. 2.1 og 2.5².

3. Ákvörðunartökuferli og stjórn sjálfstæðra eftirlitsaðila (Decision making and governing body structure for independent regulators)

Skýr verkaskipting er á milli stofnunarinnar og ráðherra. Stofnunin er sjálfstæð og verður ákvörðunum hennar t.d. ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds, heldur er gert ráð fyrir að þeim verði skotið beint til dómstóla. Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn, sem tekur allar meiri háttar ákvarðanir, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 87/1998 og starfsreglur stjórnar FME, sbr. eftirfarandi tengil:

² 2.1: *The operational independence, accountability and governance of the supervisor are prescribed in legislation and publicly disclosed. There is no government or industry interference that compromises the operational independence of the supervisor. The supervisor has full discretion to take any supervisory actions or decisions on banks and banking groups under its supervision.*

2.5: *The supervisor and its staff have credibility based on their professionalism and integrity. There are rules on how to avoid conflicts of interest and on the appropriate use of information obtained through work, with sanctions in place if these are not followed.*



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

<http://www.fme.is/media/um-fme/Stjorn-reglur-20120420.pdf>. Að því er varðar hagsmunaaðreksstra og skipun stjórnar, vísast til þess sem áður er komið fram um að ráðherra skipar þrjú stjórnarmenn, þar af einn tilnefndan af Seðlabanka Íslands. Það má því segja að þessi tilhögun bendi til þess að ekki sé tryggt fullt sjálfstæði, miðað við textann í viðmiði OECD. Það hefur hins vegar ekki tíðkast að fulltrúar beinna hagsmunaaðila, svo sem samtaka eftirlitsskyldra aðila, eigi sæti í stjórninni.

Í niðurstöðu úttektar AGS var sérstaklega vikið að því að í lögum nr. 87/1998 væri ekki kveðið á um sjálfstæði FME með beinum hætti og einnig lögð áhersla á að mögulegar breytingar á lögum, m.a. fyrri tillögur að breytingum á lögum nr. 99/1999, væru þess eðlis að með þeim væri vegið að sjálfstæði FME. Bent skal á að Basel-kjarnareglur nr. 2.1 og 2.4³ ná m.a. yfir meginefni þessa töluliðar.

4. Ábyrgð og gagnsæi (Accountability and transparency)

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 87/1998 er kveðið á um að hlutverk stjórnar FME sé að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Ábyrgð FME er því fyrst og fremst gagnvart stjórn, en auk þess gagnvart stjórnvöldum og almenningi enda miðar allt starf stofnunarinnar að því lokatakmarki að vernda almannahagsmunum. Í 9. gr. a sömu laga er kveðið á um gagnsæi í störfum FME og er núgildandi gagnsæisstefna frá apríl síðastliðnum, sbr. eftirfarandi tengil: <http://www.fme.is/media/um-fme/Gagnsaeisstefna-FME-16.4.2014.pdf>. Samkvæmt 16. gr. laganna skal FME gefa ráðherra skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. september ár hvert. Árlegar skýrslur FME um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs ásamt ársskýrslu FME fela í sér þá skýrslugjöf sem kveðið er á um í 16. gr. laga nr. 87/1999. Þá ber FME að fara að reglum stjórnarsýsluréttarins í starfsemi sinni, þ.m.t. að veita andmælarétt og rökstyðja ákvarðanir sínar og er rækilega gætt að því í allri starfsemi stofnunarinnar. Ennfremur er í öllum ákvörðunum stofnunarinnar leiðbeint um mögulegar málskots- og kæruleiðir. Á heimasíðu FME er auk þess að finna ítarlegar upplýsingar um gátlista og verklag stofnunarinnar í ýmsum málum.

Í áður nefndri niðurstöðu úttektar AGS var vikið að því að að breyta þurfi lögum til að veita FME skýrari og víðtækari valdheimildir til að gefa út bindandi reglur í því skyni að það geti uppfært tímanlega og framfylgt varúðarkröfum og einnig að breyta þurfi lögum til að veita FME úrræði sem hægt er að beita á skjótan hátt, tímanlega og með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni áður en fjárhagsstaða banka hefur versnað verulega. Þá kom einnig fram að á sumum sviðum skorti nægilegan fyrirsjáanleika varðandi verklag FME, svo sem varðandi mat á áhættum og eigin fé. Þær Basel-kjarnareglur sem einkum ná yfir meginefni þessa töluliðar eru nr. 2.3, 8 og 11⁴.

³ 2.1: *The operational independence, accountability and governance of the supervisor are prescribed in legislation and publicly disclosed. There is no government or industry interference that compromises the operational independence of the supervisor. The supervisor has full discretion to take any supervisory actions or decisions on banks and banking groups under its supervision.*

2.4: *The supervisor has effective internal governance and communication processes that enable supervisory decisions to be taken at a level appropriate to the significance of the issue and timely decisions to be taken in the case of an emergency. The governing body is structured to avoid any real or perceived conflicts of interest.*

⁴ 2.3: *The supervisor publishes its objectives and is accountable through a transparent framework for the discharge of its duties in relation to those objectives.*



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

5. Tengsl við eftirlitsskylda aðila (Engagement)

FME á regluleg samskipti við eftirlitsskylda aðila og hagsmunasamtök þeirra. Reglulegir samráðsfundir eru til dæmis með Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) og Landssamtökum lífeyrissjóða. Þá er eftirlitið sjálft skipulagt þannig að hver eftirlitsskyldur aðili hefur ákveðna tengiliði hjá stofnuninni, annars vegar viðskiptamenntaðan sérfræðing í fjárhagslegu eftirliti sem er ábyrgðarmaður gagnvart viðkomandi eftirlitsskyldum aðila og hins vegar lögfræðing sem sinnir lagalegu eftirliti. Þá felast samskiptin jafnframt í vettvangsheimsóknum til eftirlitsskyldra aðila og fundum með þeim. Einnig má nefna að eftirlitsskyldir aðilar skila reglulega inn gögnum og upplýsingum til FME og er stór hluti af eftirlitinu tengdur athugun þeirra gagna. Reglur og leiðbeinandi tilmæli sem FME setur eru ávallt kynnt í drögum sem umræðuskjöl og eftirlitsskyldum aðilum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 87/1998 starfar sérstök samráðsnefnd, skipuð fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Stjórnendur FME eiga reglulega fundi með nefndinni en hún hefur þó ekki ákvörðunarvald í málefnum FME.

Í niðurstöðu úttektar AGS var sérstaklega vikið að mikilvægi þess að FME haldi reglulega stöðufundi með stjórnnum bankanna. Sú Basel-kjarnaregla sem einkum nær yfir meginefni þessa töluliðar er nr. 9.7⁵.

6. Fjármögnun (Funding)

Áðurnefnd lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kveða á um hvernig fjármögnun á starfsemi Fjármálaeftirlitsins skuli háttáð. Samkvæmt lögnum er innheimt gjald af eftirlitsskyldum aðilum, svonefnt eftirlitsgjald, en gjaldið er skilgreint sem skattur. Í 5. gr. laganna eru ákvæði um það hvernig kostnaður við starfsemina skuli skiptast á milli flokka eftirlitsskyldra aðila og á milli einstakra félaga í hverjum flokki. Er þar að meginstefnu um að ræða hlutfallstölur, miðað við eignir eða tekjur, en einnig er um að ræða ákveðna krónutölu í einhverjum tilvikum. Þessi grein er endurskoðuð á hverju ári og hlutfallsleg skipting kostnaðar milli einstakra

8: An effective system of banking supervision requires the supervisor to develop and maintain a forward-looking assessment of the risk profile of individual banks and banking groups, proportionate to their systemic importance; identify, assess and address risks emanating from banks and the banking system as a whole; have a framework in place for early intervention; and have plans in place, in partnership with other relevant authorities, to take action to resolve banks in an orderly manner if they become non-viable.

11: The supervisor acts at an early stage to address unsafe and unsound practices or activities that could pose risks to banks or to the banking system. The supervisor has at its disposal an adequate range of supervisory tools to bring about timely corrective actions. This includes the ability to revoke the banking licence or to recommend its revocation.

⁵ *9.7: The supervisor maintains sufficiently frequent contacts as appropriate with the bank's Board, non-executive Board members and senior and middle management (including heads of individual business units and control functions) to develop an understanding of and assess matters such as strategy, group structure, corporate governance, performance, capital adequacy, liquidity, asset quality, risk management systems and internal controls. Where necessary, the supervisor challenges the bank's Board and senior management on the assumptions made in setting strategies and business models.*



FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

flokka eftirlitsskyldra aðila metin, m.a. með hliðsjón af því hversu mikil vinna var lögð í hvern flokk næstu þrjú ár á undan. Í 7. gr. laganna er kveðið á um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, stundum nefnt umframeftirlitsgjald, og er þá miðað við að tiltekin eftirlitsverkefni séu þess eðlis eða svo umfangsmikil að ekki sé eðlilegt að kostnaður við þau dreifist á alla eftirlitsskylda aðila. Í 4. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um að stofnunin skuli setja sér gjaldskrá og er núgildandi gjaldskrá birt í reglum nr. 1230/2013, sbr. eftirfarandi tengil: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=73b59577-bfd2-476c-b508-3b25a4270c02>. Þá kemur fram í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 99/1999 að rekstrarafgang stofnunarinnar megi leggja í varasjóð, sem nýta megi í útgjöld umfram áætlanir. Framangreind lög byggja á því að FME sé sjálfstæð stofnun enda fjárhagslegt sjálfstæði nauðsynlegur þáttur í skilvirku eftirliti og er m.a. lögð áhersla á það í áðurnefndri úttekt AGS.

Í niðurstöðu úttektar AGS var sérstaklega vikið að því að eins og fjárhagslegu sjálfstæði FME er háttáð í dag sé það í nokkuð góðu lagi, en varað er við því að hreyft sé við því kerfi sem að ofan er lýst, m.a. með því að samþykkja frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi þar sem gert var ráð fyrir breytingum á lögum á þá leið að allar markaðar tekjur, m.a. tekjur FME sem samkvæmt lögum 99/1999 skulu renna beint til reksturs stofnunarinnar, renni í ríkissjóð. Þær Basel-kjarnareglur sem einkum ná yfir meginefni þessa töluliðar eru nr. 2.1 og 2.6⁶.

7. Frammistöðumat (Performance evaluation)

Unnið hefur verið að þróun markmiða og mælikvarða innan stofnunarinnar undanfarið og stendur til að viðhafa reglulegar mælingar á tilteknum þáttum. Hjá Fjármálaeftirlitinu hafa reglulega verið haldin frammistöðusamtöl með öllum starfsmönnum, þar sem farið er yfir frammistöðu- og starfsþróunarmál. Þá er starfsemi og frammistaða stofnunarinnar m.a. metin í úttektum sem tengjast Basel kjarnaviðmiðunum, eins og áður hefur verið nefnt og í eftirliti evrópsku eftirlitsstofnanna, EBA, ESMA og EIOPA. Til upplýsinga má benda á að í inngangi Basel-kjarnareglanna kemur fram að reglunum sé ætlað að nýtast ríkjum sem viðmið við að meta gæði eftirlitskerfa þeirra og til að koma auga á þörf fyrir úrbætur í þeim tilgangi að tryggja viðeigandi eftirlitsaðferðir. Þá segir í innganginum

⁶ 2.1: *The operational independence, accountability and governance of the supervisor are prescribed in legislation and publicly disclosed. There is no government or industry interference that compromises the operational independence of the supervisor. The supervisor has full discretion to take any supervisory actions or decisions on banks and banking groups under its supervision.*

2.6: *The supervisor has adequate resources for the conduct of effective supervision and oversight. It is financed in a manner that does not undermine its autonomy or operational independence. This includes:*

- (a) a budget that provides for staff in sufficient numbers and with skills commensurate with the risk profile and systemic importance of the banks and banking groups supervised;*
- (b) salary scales that allow it to attract and retain qualified staff;*
- (c) the ability to commission external experts with the necessary professional skills and independence, and subject to necessary confidentiality restrictions to conduct supervisory tasks;*
- (d) a budget and programme for the regular training of staff;*
- (e) a technology budget sufficient to equip its staff with the tools needed to supervise the banking industry and assess individual banks and banking groups; and*
- (f) a travel budget that allows appropriate on-site work, effective cross-border cooperation and participation in domestic and international meetings of significant relevance (eg supervisory colleges).*



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

að AGS og Alþjóðabankinn nýti kjarnareglunar við mat á skilvirkni bankaeftirlits í einstökum löndum og að alls hafi nú um 150 lönd farið í gegnum slíka úttekt og fleiri væntanleg. Í þessu sambandi má benda á að árið 2011 fór einnig fram úttekt á grundvelli reglnanna, sem framkvæmd var af sjálfstæðum ráðgjafa fyrir milligöngu AGS. Þá má einnig nefna að undanfari fyrrnefndra úttekta er ítarlegt sjálfsmat FME á grundvelli kjarnareglanna. Ennfremur má nefna að ýmsar athuganir og úttektir hafa farið fram sem tengjast starfsemi FME á undanförunum árum, m.a. á vettvangi rannsóknarnefnda Alþingis, auk þess sem t. d. Eftirlitsstofnun EFTA, Umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun hafa hér ákveðið eftirlits- og endurskoðunarhlutverk. Óhætt er því að segja að FME hafi sætt ítarlegu mati á síðustu árum.

Að því er varðar síðara skjalið sem fylgdi með erindi vinnuhópsins, *OECD: Regulatory Enforcement and Inspections*, alþjóðlegar ráðleggingar um hvernig bæta megi eftirlit, er það að segja að FME telur að þau viðmið sem þar eru tilgreind séu í meginatriðum höfð í heiðri eins og vikið er að í einstökum tölulíðum hér að framan, m.a. að því er varðar gagnsæja stjórnarhætti, gagnrýnið eftirlit, langtímasýn og fagmennsku. Í tengslum við áhættumat og forgangsröðun vill FME sérstaklega benda á að lögð er rík áhersla á að þeir þættir séu hafðir að leiðarljósi í starfsemi stofnunarinnar enda ljóst að hafa þarf meira eftirlit með kerfislega mikilvægum aðilum en öðrum þó þannig að tryggt sé lágmarkseftirlit með þeim. Þá bendir FME á að samræming og sameining liggja til grundvallar í starfsemi stofnunarinnar enda annast hún eftirlit með fjármálamarkaðinum í heild, sbr. lög nr. 87/1998, andstætt því sem á við um margar systurstofnanir FME.

Varðandi þann þátt er snýr að ábendingum um það sem betur mætti fara í starfsemi FME og hvort reglur séu við hæfi, telur FME að lög og reglur sem gilda um starfsemi þess séu almennt við hæfi, þó unnt sé að nefna tilvik þar sem veikleikar kunnir að vera til staðar. Þá hefur stofnunin í nokkrum tilvikum bent viðeigandi stjórnvöldum/ráðuneytum á tilefni til úrbóta á löggjöf, en mikilvægt er að greið leið sé fyrir FME til að koma á framfæri tillögum að slíkum úrbótum. Þá er þess að geta að í títtnefndri úttekt AGS á fylgni FME við Basel-kjarnareglurnar, kemur skýrt fram að skorta þykir á valdheimildir stofnunarinnar í lögum. Nefna má í því sambandi að mikil þróunarvinna er í gangi sem tengist Evrópulöggjöfinni, m.a. innleiðing á svonefndu CRD IV regluverki sem tengist fjármálamarkaðinum, og standa vonir til að bæta megi úr ýmsu því sem nefnt var í úttekt AGS í þeirri vinnu.

Óski vinnuhópurinn ítarlegri upplýsinga er honum velkomið að senda FME frekari fyrirspurnir.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID


Unnur Gunnarsdóttir


Anna Mjöll Karlsdóttir